

Húsbyggjendatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 228 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almenum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Húsbyggjendatrygging er samsett trygging fyrir hús í smíðum og er tekin er til viðbótar við lögboðna brunatryggingu. Hún bætir tjón á húseigninni, hluta hennar, sem og tjón á byggingarefni sem staðsett er á byggingarstað, verkfærum, vinnuþöllum og vinnuskúrum í umsjón váttryggðs. Húsbyggjendatrygging innifelur líka slysatryggingu.



Hvað er tryggt?

Húsbyggjendatrygging bætir tjón:

- ✓ Af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs leka úr leiðslum hússins.
- ✓ Vegna hruns eða sigs.
- ✓ Af völdum óveðurs.
- ✓ Vegna innbrots, þjófnaðar og skemmdarverka.
- ✓ Ef gler í gluggum hússins brotnar.
- ✓ Af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs sótfalls.

Slysatrygging greiðir bætur:

- ✓ Vegna slysa sem váttryggður, fjölskylda hans eða aðrir sem eru við störf í húseigninni verða fyrir.



Hvað er ekki tryggt?

Húsbyggjendatrygging bætir ekki tjón vegna:

- ✗ Skemmda af völdum vatns sem á upptök utan veggja hússins.
- ✗ Hruns eða sigs sem orsakast ekki af skyndilegu og ófyrirsjáanlegu atviki.
- ✗ Tjóns af völdum óveðurs ef vindhraði nær ekki 28,5 metrum á sekúndu.
- ✗ Tjóns af völdum þjófnaðar úr ólæstum hirslum.
- ✗ Brot á gleri sem ekki hefur verið komið fyrir á endanlegum stað.

Slysatrygging greiðir ekki bætur vegna:

- ✗ Slysa sem iðnmeistarar, verktakar eða starfsmenn þeirra verða fyrir.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón á byggingarefni, verkfærum, vinnuþöllum og vinnuskúrum sem ekki eru tiltekin á váttryggingarskírteini.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingaskírteini.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.